



Orkufjarskipti
Benedikt Haraldsson
Krókhálsi 5c
110 REYKJAVÍK

Selfoss, 11. september 2015
Tilvísun: 2015050042
FJH/

Efni: Ljósleiðaralögn meðfram Reykjanesbraut

Vegagerðin hefur mótttekið umsókn um leiðslu á vegsvæði frá Orkufjarskiptum þar sem óskað er eftir leyfi til að leggja ljósleiðarastreng meðfram Reykjanesbraut, frá Álveri að Fitjum, ásamt því að þvera Reykjanesbrautina á tveimur stöðum.

Vegagerðin heimilar legu lagnarinnar í samræmi við umsókn dags 19.08.15 með eftirfarandi skilyrðum.

Lögnina skal hvergi leggja nær vegi en kemur fram í yfirlitsmyndum með umsókn (í a.m.k. 6 m fjarlægð) frá vegöxl. Á tveimur teikningum eru lagnir í 3,5 m fjarlægð frá málningarlínu og er umsækjanda bent á að ef til kæmi að setja niður vegrið þá er það 3 m frá málningarlínu og yrði lögnin því of nálægt vegriðinu. Vegagerðin bendir því á að æskilegt sé að hafa lögnina lengra frá málningarlínu. Öll tengivirki ofanjarðar skulu vera í a.m.k. 15 m fjarlægð frá tengivegum og **30 m** frá stofnvegum. Þar sem þvera skal vegi skal lögnin vera a.m.k. 1 m undir yfirborði vegar.

Eigandi leiðslu ber ábyrgð á öllum kostnaði við flutning leiðslu og tilheyrandi mannvirkja á vegsvæði, hvort sem það stafar af breytingum á leiðslu eða vegi. Ef grípa þarf til þess að grafa í sundur veg með malbiksyfirborði skal malbika í sárið með tveimur lögum af malbiki 60mm og 50mm þykkum.

Um leiðsluna gilda reglur um leiðslur á vegsvæði frá febrúar 1995 með þeim skilyrðum sem þar koma fram og með eftirfarandi öðrum skilyrðum.

1. Vegsnið og umhverfi vegarins skal halda sér. Skila skal vegsvæðinu í jafngóðu ástandi og það var í áður, þar með talið vegyfirborði, vegöxlum, vegfláum og vegrásum sem og öðru innan vegsvæðis. Gerð er krafa um að lagnaeigandi, Orkufjarskipti, beri ábyrgð á verkinu í eitt ár, komi fram sig eða skemmdir á vegyfirborði og láti þá lagfæra á sinn kostnað.
2. **Merkingar skulu vera í samræmi við reglur Vegagerðarinnar og skal haft samráð við Vegagerðina og lögreglu varðandi merkingar. Skila skal inn merkjaplani til Vegagerðarinnar áður en verk hefst. Verði ekki farið eftir þessu eða merkingum sé ábótavant á verktímanum mun Vegagerðin lagfæra og eða merkja vinnusvæðið á kostnað leiðslueiganda. Lagfæra skal merkingar innan 2 klst eftir að kvörtun kemur frá Vegagerðinni eða lögreglu um að merkingar séu ekki í lagi.**

3. Leiðslueigandi skal gæta yftrustu varkárni í grennd við aðrar lagnir er kunna að vera á vinnusvæðinu og skal í einu og öllu fara eftir þeim ákvæðum sem um þær gilda. Leiðslueigandi skal kynna sér rækilega legu lagna sem kunna að vera á eða við vinnusvæðið, áður en framkvæmdir hefjast.
4. Vegagerðin er ekki ábyrg fyrir tjóni sem þriðji aðili kynni að valda eða verða fyrir af völdum umræddra framkvæmda.
5. Hafa skal samband við Vegagerðina áður en farið verður í framkvæmd þessa og skal ekki hefja verkið án samráðs við eftirlit Vegagerðarinnar. Eftirlitsmaður frá Vegagerðinni mun hafa eftirlit með verkinu af hálfu Vegagerðarinnar og skal haft samband við Jóhann B. Skúlason í síma 522-1462 eða Friðrikku J. Hansen í síma 522-1342.
6. Vegagerðin óskar eftir að lega strengjanna verði send í ISNET hnitum eftir framkvæmd.
7. Að framkvæmd lokinni skal frágangur vegsvæðis tekinn út af eftirlitsmanni Vg. Sé frágangi ábótavant skal hann lagaður samkvæmt tilmælum eftirlits.
8. Framkvæmdir á vegsvæði Vegagerðarinnar við lögnina skulu taka eins stuttan tíma og unnt er, frá byrjun framkvæmda á vegsvæði að lokun endanlegs frágangs.
9. Ef leiðslueigandi telur ekki unnt að vinna verkið skv. skilyrðum þessum, skal haft samráð við Vegagerðina varðandi aðrar lausnir.

Virðingarfyllt,



Friðrikka Jóhanna Hansen
verkfræðingur
umsjónardeild, Suðursvæði

Umsókn um leiðslu á vegsvæði



Útfyllist af umsækjanda

Eigandi leiðslu :						
Kennitala :	561000-3520	Nafn :	Orkufjarskipti			
Aðsetur :	Krókháls 5c 110 Reykjavík	Sími :	8999867			
Umboðsmaður leiðslueiganda :						
Kennitala :	1309584199	Nafn :	Benedikt Haraldsson			
Aðsetur :	Krókhálsi 5c	Sími :	8999867			
Umsókn um :						
síma <input type="checkbox"/>	rafmagn <input type="checkbox"/>	kalt vatn <input type="checkbox"/>	hitaveitu <input type="checkbox"/>	skólp <input type="checkbox"/>	annað	3x20 mm ljósleiðararör
nýlögn <input checked="" type="checkbox"/>	færslu <input type="checkbox"/>	endurnýjun <input type="checkbox"/>	annað			
Þverun vegar: undir <input checked="" type="checkbox"/>	yfir <input type="checkbox"/>	Meðfram vegi: <input checked="" type="checkbox"/>				
Staðsetning leiðslu :	3x20mm rör lögð með Reykjanesbraut frá Álveri að tvöföldun Reykjanesbrautar, þar verður þverun á vestari akbrautinni og röralögnin mun síðan liggja milli akbrautanna í innri vegðxl vestari brautarinnar. Þverun verður síðan á Reykjanesbrautinni ca. 750 m vestan við Grindavíkuraflægjara, lögnin verður síðan með Reykjanesbraut (sjá teikn.) að tengivirki LN við Fitja þar sem beygt verður frá veginum.					
Fylgiskjöl :	uppdrættir : Sniðteikningar, Yfirlitsmynd, loftmyndir.					
Lýsing á frágangi :	sjá teikningar.					

Útfyllist af Vegagerðinni

Staðsetning :			
Vegnúmer : 41	Kaflar : 15-19	Vegheiti : Reykjanesbraut	
Stöð 1 : _____	Stöð 2 : _____	Hægri <input type="checkbox"/>	Vinstri <input type="checkbox"/>
Skilyrði Vegagerðarinnar :			
Um leiðsluna gilda reglur Vegagerðarinnar um leiðslur á vegsvæðum, frá 15. Febrúar 1995, eða reglur sem koma í þeirra stað.			
Önnur skilyrði :			
Ath. að 3,5 m frá málungarlínu er of nálægt.			

Dags. 19.08.2015

Benedikt Haraldsson

F.h. leiðslueiganda

Dags. 11.09.15

Fróníkka Jónsdóttir

f.h. v